



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apr 2007

3. tbl. 14. árg.

Meðal efnis:

Veðiuleyfin

- *Hvar nálgastu þau leyfi sem ekki seldust?*

Hlíðarvatn

- *Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn; Mætir þú?*

Lokahófið

- *Þú finnur allt um það í blaðinu*

Takið Eintak



Frá síðasta lokahófi SVH. Það
mæta allir þar.



Frá "kjötsúpuveislunni" um hreinsunarhelgina við Hlíðarvatn í fyrra. Vel mætt að vanda; Mætir þú ekki örugglega núna? Kíktu á bls: 5

Hvar ætlar þú að vera miðvikudaginn 18. apríl? Kíktu á bls. 5

Ritstjórinn

AGNIÐ

Útg.: Stangveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórinn: Evar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is



Sælir veiðimenn!

Jæja það er kominn apríl, veiðitímabilið hafið, s.s. fyrir þá sem stunda vorveiðina. Ég minntist á það síðastliðið vor þegar menn voru að byrja veiðar en var bent á að hafa með sér skauta að betra væri sennilega að byrja aðeins seinna. Nú hef ég verið að fylgast með því sem er að gerast og að sjálfsögðu sést að **“í skítakulda og strekking”**

og **“aurbleyta og vatnavextir”**, er algengt orðalag í stangveiðifrættum fyrstu dagana. Ég spyr af hverju að berjast þetta?, af hverju ekki að bíða fram undir mánaðarmótin apríl / maí og byrja þá? En tímabilið framundan er frábært, reyndar vestrastafið á enda, sem þýðir að sjálfsögðu upphaf hins eiginlega sumars hjá okkur. Hlíðarvatn handan “sjóndeildarhringsins”, svo hinar skemmtilegu sumarferðir á ýmis veiðisvæði. Það minnir mig á ósk sem ég hef varpað fram áður, efni frá ykkur félagar góðir, hvernig er með það? Reyndar fékk ég sendingu um daginn frá einum félagi, kærar þakkir, en kem ekki til með að birta það fyrr en í næsta eintaki af blaðinu. **Þá er það þessi sívinsæla spurning: Hve mikið efni ég fæ eftir veiðitímabilið ykkar kærur félagar?**

Kveðja;

Evar



&

agn.is

SVH samdi við agn.is um áframhaldandi samstarf

Undanfarin ár hefur agn.is annast sölu veiðileyfa SVH eftir að úthlutun líkur, í vor var ákveðið að halda samstarfinu áfram enda hefur það gengið afar vel. Væntanlegir kaupendur veiðileyfa bíða spenntir á hverju vori eftir því að laus leyfi komi í sölu. Stjórn SVH fagnar því að góður samningur náðist milli aðila um þetta samstarf.

Formaðurinn

Heilir og sælir stórveiðimenn og félagar.

Nú hyllir undir lok vetrarstarfsins og veiðivertíðin hafin. Ég vil byrja á því að þakka öllum þeim sem hafa mætt á opin hús í vetur, hvort heldur sem er á hnýtingarkvöldin eða þau erindi sem í boði hafa verið. Það er gott lífsmarkið í félaginu og það ber að þakka þeim sem að því standa, húskörlum, umsjónarmönnum unglíngastarfs og öðrum, án þeirra væri tilvist stjórnarinnar erfið.

Framundan er svo lokahófið okkar, kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta og auðvitað mætum við öll þar og tökum með okkur gesti. Eins og venjulega verður glæsilegt happadrætti og fleira til gamans gert.

Nú fer í hönd sá tími sem allir hafa beðið eftir í vetur, veiðivertíðin, ég vil biðja féлага í SVH að vera öðrum veiðimönnum góð fyrirmynd í umgengni um veiðisvæðin, okkar og annara og ganga vel um þessa auðlind sem stangaveiðin er. Veiðum í hófi og skiljum ekki eftir rusl á vatnsbökkum, virðum boð og bönn og ökum ekki utan vegarslóða, góð umgengni er aðall sérhvers alvöru veiðimanns.

Í vetur buðum við upp á fjölbreyttara úrval veiðisvæða en undanfarin ár og það er það sem koma skal, við vinnum hörðum höndum að því að afla nýrra veiðisvæða og mikilvægt að félagar taki vel við sér og prófi þær nýjungar sem í boði eru. Fleiri ný svæði eru í burðarliðnum og verða þau kynnt í næsta blaði og á kynningu n.k. fimmtudag.

Þá er vert að minna menn á hreinsunarhelgina í Hlíðaravatni, sem verður síðustu helgina í apríl eins og alltaf, þá fjölmönnum við austur og tökum til hendinni. Til stendur að byggja vöðlugeymslu og þá er þörf á hjálpfúsum höndum, ekki síður en að tína upp ruslið við vatnsbakkann. Og auðvitað taka menn stöngina með og renna fyrir fisk eftir að hafa gætt sér á kjötsúpunni hennar Siggú, sem sagt allar góðar hefðir á sínum stað.

En það eru breytingar í farvatninu, næsta vetur verðum við mun fyrir á ferðinni með umsóknir og úthlutanir en verið hefur, ástæðan er einföld, með því næst fjölbreyttara úrval og betri dagar verða í boði, við fáum fleiri svæði í umboðssölu, þar sem ekki er búið að selja öll bitastæðu hollin.

Fylgist vel með, þetta verður á ferðinni í lok október / byrjun nóvember !!!

Að lokum óska ég ykkur ánægjulegra stunda á vatnsbökkunum í sumar.

*Gleðilegt veiðisumar,
Kveðja Hansi*

Uppskriftin

Hér önnur uppskrift frá *Trausta Magnússyni*, sem hann eldaði á opnu húsi hjá okkur. (Ath, nota má silung líka)

Laxinn sem ég eldaði á staðnum hjá okkur var eftirfarandi:

Laxinn flakaður og beinhreinsaður og skorinn í hæfilega bita.

Brúnaður á pönnu fyrst í sárið við snarpann hita stutt á hvorri hlið.

Má velta uppúr hveiti fyrst.

Bitunum raðað í ofnskúffu með roðið niður og má setja yfir t.d. eitthvað af eftirtöldu: *Mango chutney*, *karrypaste*, *salsa*, *barbeque sósu*, *ostasósu* og fleira.

Hitað í ofni við 150° í ca 10 mín.



FJARÐARKAUP
Ver slun Veiðimannsins

Lokahóf SVH

“Kvöldið fyrir Sumardaginn Fyrsta”

Dagurinn er 18. apríl n.k.

Mæting kl: 20:00 að Flatahrauni 20.

Við verðum með hið sívinsæla happadrætti og fáum til okkar frábæran gest til að hleypa upp fjörinu.

Mætum öll og tökum með okkur gesti.



Hlíðarvatn 28. og 29. apríl

Hreinsunarhelgi

Þá mæta að sjálfsgöðu allir og leggja sitt af mörkum til að halda öllu í góðu horfi á svæðinu. Einnig stendur til að smíða vöðlugeymslu við húsið, þannig að það er þörf á sem flestum til að aðstoða.



Nýir fislettir tímar!

Fjölbreytt íslensk framleiðsla



Brunnur \varnothing 1000 mm



Brunnur \varnothing 1000 mm



Brunnur \varnothing 600 mm



Brunnur \varnothing 600 mm



Brunnur \varnothing 400 mm



Kapellbrunnur \varnothing 1000 mm



Framlenging \varnothing 600 mm



Keila \varnothing 600 / 1000 mm

Allar okkar vörur til fráveitulagna þola þyngstu umferð ökutækja!



Framlenging \varnothing 400 mm



Vatnslásbrunnur



Fituskilja



Vatnsgeymir



Sandföng



Sandskilja



Járnbernt brunnhringir



Járnbert lok



Sambyggð sand- og oljuskilja



Rotþró



Frauóplast



Takkamottur



Vegatálmur



Rauðbrúnr
brunnar og framlengingar
þola umferð þyngstu
bírfreida



Vottað umhverfisstjórnunarkerfi síðan 1999

BORGARPLAST HF.

Sefgarðar 1-3a, 170 Seltjarnarnes og Vóluteigur 31, 270 Mosfellsbær, sími 561 2211
fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is



Vottað gæðakerfi síðan 1993

www.borgarplast.is

Vissir þú ...

... þetta um vötnin á Höfuðborgarsvæðinu ?

Að í Vífilstaðavatni er eintakur stofn hornsíla, það vantar á þau kviðuggagaddinn og þetta er eina þekktu tilfellið héraendis. Þetta hefur verið rannsakað erfðafræðilega og reyndist þetta vera rakið til sama gensins hjá mun fleiri dýrastofnum þar sem eins háttar til.

Að í Straumsvík lifir sérstakur stofn smábleikju á þessum mörkum ferskvatns og sjávar. Bleikjan sú verður kynþroska einungins 10 cm löng og hrygnir í fjöruborðinu. Stærsti einstaklingurinn sem náðst hefur var einungis 14 cm á lengd. Svipaðar dvergbleikjur finnast víðar á lindarsvæðum um landið.

Að á höfuðborgarsvæðinu (frá Hafnarfirði og uppí Kjós) eru um 67 vötn og tjarnir, þar af 30 vötn 0,1 km² og stærri, Elliðavatn er þeirra stærst um 2,02 km², því næst Meðalfellsvatn um 2,0 km² og svo Leirvogsvatn og Hafravatn um 1 km², það síðastnefnda er dýpst, meðaldýpi um 8m og mesta dýpi 28m.

Heimild; Samantekt erinda á málþingi um vötn og vatnsvið á Höfuðborgarsvæðinu, hægt er að nálgast samantektina á heimasíðu Veidimálastofnunar.
(www.veidimal.is)



Frá opnu húsi í vetur.

Tilkynning frá stjórn:

“Ágæti félagi; Með þessu blaði fylgir félagsskírteinið þitt sem veitir þér bestu kjör í veiðibúðum. Á næstunni verða sendir út innheimtuseðlar fyrir árgjöldum þeirra sem eiga eftir að greiða þau, vinsamlega gerið skil sem fyrst. Tekjur af árgjöldum eru mikilvægar til þess að við getum haldið áfram að byggja upp félagið okkar, ykkur til hagsbóta”.

Með veiðikveðjum
Stjórnin

Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugærdin hf.,
Skiopholti 5, s: 562 8383
www.sportvorugerdin.is**